

NÁMSKEIÐSHANDBÓK



fyrir kennara í grunnskólum Hafnarfjarðar
VORÖNN 2008

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 31
220 Hafnarfjörður.

Sími 585 5800.
Netfang skolaskr@hafnarfjordur.is

Opin mánudaga til föstudaga kl. 8-16.

Hafnarfirði, janúar 2008

Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim

Hér koma nokkur minnis- og kynningaratriði um námskeiðin:

- Það þarf að skrá sig á öll námskeið og er það gert með því að senda tölvupóst á netfangið vigfus@hafnarfjordur.is. Við skráningu er óskað að tilgreint sé númer námskeiðs sem sótt er um, eigið nafn, stöðuheiti, kennitala, netfang og nafn skóla sem starfað er í.
- Kennarar og skólastjórnendur í grunnskólum Hafnarfjarðar fá frítt á námskeiðin sem kynnt eru hér og þeir ganga fyrir þátttöku á námskeiðunum. Kennarar sem starfa við Grunnskóla Grindavíkur og Álftanesskóla fá sömuleiðis frítt á námskeið. Möguleiki er fyrir kennara annars staðar frá að sækja námskeið ef ekki er fullbókað á námskeið og greiða þeir þá fyrir þátttöku.
- Námskeiðstímar eru alltaf álitamál. Annað árið í röð hefur verið settur á fastur endurmenntunartími í grunnskólum Hafnarfjarðar. Það eru mánudagar kl. 15-16.30 fyrir kennara. Fyrir skólastjórnendur, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra, verður tími til námskeiðahalds eftir hádegi á föstudögum. Reynt er að að hafa sem flest námskeið á þessum tímum en ef það hentar ekki eru þau haldin síðdegis, á kvöldin eða um helgar eftir atvikum. Það á sérstaklega við um námskeiðahald í tölvukennslu, verk- og listgreinum þar sem hentar best lengri samfelld kennsla.
- Takmarkaður fjöldi kemst á einstök námskeið. Því er nauðsynlegt að skrá sig í tíma til að eiga meiri möguleika á að geta sótt námskeið. Sömuleiðis er fólk beðið að afboða sig ef það af einhverjum ástæðum forfallast og getur ekki sótt námskeið. Sá fyrirvari er einnig gefinn að námskeið eru ekki haldin ef fjöldi þátttakenda reynist ekki nægur og verður þátttakendum kynnt slíkt í tölvupósti í síðasta lagi með dags fyrirvara. Ef kennarar í Hafnarfirði fylla ekki námskeið viku fyrir námskeiðsdag er kennurum annars staðar frá boðið að sækja námskeið.
- Allir þeir sem taka þátt í einstaka námskeiðum geta verið beðnir um að gefa mat á þátttöku sinni á námskeiðum eftir á, t.d. í könnunum sem sendar verða í tölvupósti til þátttakenda. Allt slíkt mat er trúnaðarmál og svör þar verða ekki rakin til einstaklinga.
- Til viðbótar við námskeiðin geta verið haldnir kynningar- og fræðslufundir sem verða ákveðnir jafnóðum yfir veturinn og auglýstir sérstaklega.

Fjárveitingar til námskeiða fyrir kennara og skólastjórnendur koma úr endurmenntunarsjóði grunnskóla sem er í vörslu menntamálaráðuneytis og ræðst framboð námskeiða hér af styrkveitingum þaðan, m.a. að ráðuneytið samþykkir fjármagn í ákveðin námskeiðsþemu en ekki önnur.

Ábyrgðarmaður námskeiðanna er Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (vigfus@hafnarfjordur.is), sími 585 5813. Það skal tekið fram að öll vinna hans við undirbúning, skipulagningu og kennslu á námskeiðum er skilgreind sem hluti af starfi hans og er framlag Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar til námskeiðshaldsins. Vinna hans er því af engu greidd af þeim styrk sem endurmenntunarsjóður grunnskóla veitir Hafnarfjarðarbæ skólaárið 2007-2008 til námskeiðahalds en hann nemur tæpri 3,5 miljónum króna. Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð símenntunar er í samstarfi við Skólaskrifstofuna við framkvæmd námskeiðanna og mörg námskeiðanna eru haldin í húsnæði þeirra í Menntasetrinu við Lækinn.

EFNISYFIRLIT NÁMSKEIÐA Á VORÖNN 2008

1. HVÆÐ UNGUR NEMUR – YNGRI BARNNA KENNSLA	4
▪ 104 Matslistar Gerd Strand - mat á stöðu 7 ára barna	5
2. AÐ LEIÐA OG TEYMA – SKÓLASTJÓRNENDUR Í BRÚNNI	5
▪ 204 Mat á skólastarfi sem umbótaferli í skólastjórnun (frh. frá haustönn)	5
▪ 205 Árangursstjórnun til árangurs í skólastarfi (frh. frá haustönn)	5
▪ 206 Verkefnisstjórnun forystuskóla (frh. frá haustönn)	6
3. Í TAKT VIÐ TÍMANN - UPPLÝSINGATÆKNI	7
▪ 301 Grunnnámskeið í myndvinnslu (Paint.net) – endurtekið á vorönn	7
▪ 305 Framhaldsnámskeið í Clicker 5	7
▪ 306 Leikja- og kennslugagnagerð – upprifjun	8
▪ 307 Grunnnámskeið í Boardmaker plus	8
4. HORFT FRAM Á VIÐ – NÁMSKRÁRGERÐ Í ÞRÓUN	9
▪ 405 Ritunarkennsla og námsmat ritunar í unglíngakennslu	9
▪ 406 Nýjungar í sundkennslu – sundgreinarnar	9
▪ 407 LOGOS lestrargreining í grunnskólum	10
▪ 408 Kennsla í námshópum með tvítyngdum nemendum	10
5. AÐ VINNA OG SPINNA - VERK- OG LISTGREINAR Í SAMÞÆTTINGU	11
▪ 506 Tónmenntakennsla og kórastarf	11
6. KOMINN TIL AÐ SJÁ OG SIGRA - NÝLIÐAFRÆÐSLA	12
▪ 605 Kennarinn sem leiðtogi	12
7. AÐ VERA OG STARFA – SMT SKÓLAFÆRNI	13
▪ 701 SMT- skólafærni í þróun	13
▪ 702 PMT-grunnmenntun	13
8. FRÆDSLUFUNDIR	14
▪ 803 Líðan og hagir nemenda í 5.-7. bekkjum í Hafnarfirði	14
▪ 804 Að PÍSA sig (van)sælan – samræmd próf og alþjóðlegur samanburður	14
▪ 805 Að nýta Mentor í sjálfsmati	15
▪ 806 Nýjar leiðir í Norðlingaholti	15
Önnur viðfangsefni	16
Um námskeiðin fyrir skólaárið 2007-2008	17

Námskeið Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar Vor 2008

I. Hvað ungur nemur – yngri barna kennsla

NÁMSKEIÐ 101 Kennsla tvítýngdra nemenda í byrjendanámi LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 102 Stærðfræðikennsla yngstu nemenda LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 103 Málproski og lestrarnám við upphaf grunnskóla LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 105



Matslistar Gerd Strand - mat á stöðu 7 ára barna

Númer: 407 – 07/08

Staður: Menntasetrið við Lækinn

Markhópur: Kennarar yngri barna, deildarstjórar og sérkennarar

Fjöldi: 40+

Umsjón/ Guðjón Ólafsson, sérkennslufræðingur og fræðslustjóri

Lýsing: Listinn er safn spurninga úr helstu færni- og getuþáttum sem hafa áhrif á nám og líðan nemenda í grunnskóla.

Tími/-ar:

mánudagur

10.3.

kl. 15-16.30

Markmiðið með matslistanum er að stuðla að enn faglegri og markvissari vinnubrögðum í grunnskólum. Hann veitir foreldrum og kennurum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemandans, er stöðumat á ákveðnum færni- og getuþáttum og grunnur að síðari ákvörðunum um kennslu og nám nemandans. Notkun listans auðveldar faglega vinnu kennara og samvinnu þeirra við aðra sérfræðinga og foreldra.

Sú hugmynd er höfð að leiðarljosi að því meira sem unnið er af greiningum, mati, skimunum og áætlunum af starfsfólki í skólum, þeim mun líklegra er að starfsemin verði í samræmi við getu, eðli og þarfir hvers og eins nemanda.



2. Að leiða og teyma – skólastjórnendur í brúnni

NÁMSKEIÐ 201 Fagmennska, skólastjórnun og endurnæring LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 203 Gagnkvæm handleiðsla LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 204



Mat á skólastarfi sem umbótaferli í skólastjórnun

- Númer** 204 – 07/08
- Staður:** Menntasetrið við Lækinn
- Markhópur:** Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar.
- Fjöldi:** 30+
- Umsjón/
kennari/-ar:** Stýrt af vinnuhópi skólastjóra og Skólaskrifstofu.
- Lýsing:** Leitast verður við að skoða leiðir og efla umræðu í skólastjórasmeflaginu í Hafnarfirði hvernig unnið verði að mati á skólastarfi sem leið einstakra kennara og kennarahópa til skólaþróunar, starfsþróunar og starfsþroska.
- 1. Sjálfsmat í skólastarfi.** (16.11.) Erla Guðjónsdóttur (15 mín. erindi) , Gunnlaugur Dan Ólafsson (15 mín. erindi og Vigfús Hallgrímsson (30 mín. erindi: **Möguleikar í sjálfsmati**)
2. tími (29.2.): Skoðaðar frekar mögulegar leiðir í sjálfsmati. Fræðsla og umræður.
3. tími (11.4.): Farið yfir hugmyndir og unnið að frekari þróun hugmynda um sjálfsmat. Fræðsla og umræður.

Tími/-ar:
föstudagar
29.2. og 11.4.
kl. 14 - 16.

NÁMSKEIÐ 205



Árangursstjórnun til árangurs í skólastjórnun

- Númer** 205 – 07/08
- Staður:** Menntasetrið við Lækinn.
- Markhópur:** Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar o.fl. stjórn.
- Fjöldi:** 40+
- Umsjón/
kennari/-ar:** Vigfús Hallgrímsson (umsjón)
- Lýsing:** Námskeið um gildi og möguleika árangursstjórnunar til notkunar sem stjórnþæki í stjórnun leik- og grunnskóla.
1. tími (5.10.): Árangursstjórnun og kennslufræði.
2. tími (9.11.): Árangursstjórnun í skólastarfi – stefnukort fræðslusviðs
3. tími (25.4.): Árangursmælikvarðar og viðmið á skólastarfi

Tími/-ar:
föstudagur
25.4.
kl. 14 - 16.

NÁMSKEIÐ 206



Verkefnisstjórnun forystuskóla

Númer: 206 – 06/07

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar og forystuskólar eftir atvikum.

Markhópur: Verkefnisstjórar forystuskóla og skólastjórnendur.

Fjöldi: 10-15

**Umsjón/
kennari/-ar:** Þróunarfulltrúar grunn- og leikskóla.

Lýsing: Samráðs- og fræðslufundir fyrir verkefnisstjóra forystuskóla þar sem farið verður yfir verkefnisstjórnun, gagnasöfnun, kynningarstarf, mat og skýrslugerð sem tengist forystuskólaverkefnum í grunnskólum Hafnarfjarðar: Tveir fundir á haustönn og tveir á vorönn. Áætluð dagskrá námskeiðs:

1. tími: Staða og kynning á verkefnum vetrarins.
2. tími: Gagnaöflun, kynningar og þróunarstarf.
3. tími: Upplýsingamiðlun og fjölmiðlatengsl (Sigrún S.).
4. tími: Gagnaöflun til mats og þróunar.

Tími/-ar:

Þri 9.10., mið.
mið. 21.11.,
fim.14.2. og
fös. 18.4. '08
kl. 13.30-16.



3. Í takt við tímann – UST í skólastarfi

NÁMSKEIÐ 301



Grunnnámskeið í myndvinnslu (Paint.net)

- Númer:** 301 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Allir kennarar en sérstaklega myndmenntarkennarar.
Fjöldi: 12.
**Umsjón/
kennari/-ar:** Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.
Lýsing: Grunnatriði myndvinnslu í tölvum er stærri útfærsla á sama námskeiði sem haldið var í nokkrum grunnskólunum á síðasta vetri. Fyrir þá sem vilja rifja upp og fá meiri kennslu eða sóttu ekki námskeiðið síðasta vetur.
1. tími: Stafrænar myndir/myndavélar og flutningur mynda í tölvum.
2. tími: Grunnatriði myndvinnslu klippingar, stækkanir/minnk-anir, myndsníð o.fl.)
3. tími: Litaleiðréttingar og myndalagfæringar.
4. tími: Lög, textameðferð o.fl.

Tími/-ar:
miðvikudagur
13.,20. og
27.2. og 12.3.
kl. 15-17

NÁMSKEIÐ 302 Grunnámskeið í margmiðlun LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 303 Grunnámskeið í Clicker 5 hugbúnaðinum LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 304 Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 305



Framhaldsnámskeið í Clicker 5 hugbúnaðinum

- Númer:** 305 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Sérkennarar og kennarar í sérdeildum.
Fjöldi: 12
**Umsjón/
kennari/-ar:** Sigurður Fjalar Jónsson, kennari á vegum A4.
Lýsing: Framhaldsnámskeið í forritinu Clicker 5 - í námi og kennslu barna með sérþarfir. Clicker 5 er sambland af ritvinnslu- og margmiðlunarforriti, upphaflega hannað fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með lestur og ritun. Forritið er margverðlaunað forrit sem gerir kennurum kleift að sérsníða margbreytilegt námsefni að þörfum ólíkra nemenda. Það styður því afar vel kennslufræði er byggir á einstaklingsmiðuðun í námi og virkri þátttöku fatlaðra nemenda í skólastarfinu.

Tími/-ar:
Fimmtudagur
21.2.
kl. 13.15-17.

NÁMSKEIÐ 306



Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn - upprifjun

Númer: 306 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Tölvukennarar, kennarar með áhuga á kennsluforritagerð.
Fjöldi: 12
**Umsjón/
kennari/-ar:** Hrafnkell S. Gíslason.
Lýsing: **Multimedia Fusion margmiðlun**
Upprifjun frá námskeiði á haustönn þar sem grunnatriði í MMF voru kennd. Ætlað þátttakendum sem voru á byrjendanám-
skeiði á haustönn nema viðkomandi hafi þegar þekkingu á forritinu.

Tími/-ar:
föstudagur
7.3.
kl. 14-16

NÁMSKEIÐ 307



Grunnámskeið í Boardmaker plus

Númer: 307 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Sérkennarar og þroskaþjálfar
Fjöldi: 15
**Umsjón/
kennari/-ar:** Sigrún Jóhannsdóttir, tölvumiðstöð fatlaðra
Lýsing: Kynnt grunnatriði í notkun Boardmaker plus og hvernig það geti nýst kennurum í starfi, sérstaklega í starfi með nemendum sem þurfa myndrænar framsetningar á námsefni og skipulagi.

Tími/-ar:
Fimmtudagur
7.2.
kl. 13.15-17

NÁMSKEIÐ 309 **Skólasafnið sem þekkingarsetur fyrir greinakennara LOKIÐ**



4. Horft fram á við – námskrárgerð í þróun

NÁMSKEIÐ 401 Lífsleikni með unglingum á tímamótum FÉLL NIÐUR

NÁMSKEIÐ 402 Að efla munnlega tjáningu í unglíngakennslu FÉLL NIÐUR

NÁMSKEIÐ 403 Að nýta Evrópsku tungumálamöppuna í kennslu FÉLL NIÐUR

NÁMSKEIÐ 404 Framsögn og munnleg tjáning LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 405



Ritunarkennsla og námsmat ritunar í unglíngakennslu

Númer: 405 – 07/08

Staður: Menntasetrið við Lækinn

Markhópur: Íslenskukennarar í efstu bekkjum grunnskóla.

Fjöldi: 30+

Umsjón/ Guðlaug Guðmundsdóttir M.Paed.

Lýsing: Að sýna leiðir til að kenna ritun á markvissan og árangursríkan hátt og kenna kennurum aðferðir til að meta ritsmíðar skynsamlega. Fjallað er sérstaklega um hvernig hægt er að nálgast nemandann á forsendum hans sjálfs og vekja áhuga hans á að tjá sig skriflega. Einstök ritunarform eru ígrunduð og möguleikar ritunarkennsluforritsins **Ritbjargar** höfð til hliðsjónar. Aðferðir til að greina tilgang mats og meta ritsmíðar nemenda eru kenndar.

Tími/-ar:

miðvikudagar
6., 13. og 20.2.
kl. 15-17.

NÁMSKEIÐ 406



Nýjungar í sundkennslu - sundgreinarnar

Númer: 406 – 07/08

Staður: Sundhöllin í Hafnarfirði

Markhópur: Íþróttakennarar grunnskóla og sundkennarar íþróttafélaga

Fjöldi: 20+

Umsjón/ Ingi Þór Jónsson o.fl.

Lýsing: Á námskeiðinu er kennd sundtækni í flugsundi, baksundi, bringusundi og skriðsundi. Skoðuð eftirfarandi atriði:
○ Hvað við verið að leita eftir í hverjuundi?
○ Helstu gallar og hvernig er hægt að laga þá?
Farið verður yfir “drill-æfingar” sem getið hjálpað til með að bæta tæknina. Þátttakendur verða á bakkanum og fylgjast með vönum sundmanni sem er í lauginni.

Tími/-ar:

föstudagar
15.2., 22.2,
29.2. og 7.3
kl. 14.30-15.30

NÁMSKEIÐ 407



LOGO lestrargreining í grunnskólum

- Númer:** 408 – 06/07
Staður: Skólaskrifstofan, 2. hæð
Markhópur: Sérkennarar sem sinna lestrargreiningum í grunnskólum Hafnarfjarðar.
Fjöldi: 10-12.
Umsjón/kennari/-ar: Sérkennarar frá Lexometrica.
Lýsing: Námskeiðið er kennsla á lestrargreiningartækið LOGOS Tveggja daga námskeið með vinnu á milli námskeiðsdaga og handleiðslu frá Lexometrica. Aðeins er mögulegt að hver skóli sendi 1-2 fulltrúa á námskeiðið í samráði við skólastjórnendur.
Athugið! Gert er ráð fyrir að halda annað námskeið á haustönn 2008 ef þarfir eru til staðar.

Tími/-ar:
Föstudagar
15.2. og 4.4.
kl. 9-16.

Hver grunnskóli fær hugbúnað og tölvu fyrir LOGOS lestrargreiningar til að nota á námskeiðinu og áfram í skóla.

NÁMSKEIÐ 408



Kennsla í námshópum með tvítyngdum nemendum

- Númer:** 408 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn
Markhópur: Allir kennarar sem kenna tvítyngdum börnum.
Fjöldi: 30+
Umsjón/kennari/-ar: Krístrún Sigurjónsdóttir o.fl.
Lýsing: Að kynna og þjálfa heppilegar aðferðir í kennslu með nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Námskeiðið er ætlað kennurum sem kenna bóknámsgreinar (íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar o.þ.h.) og veitir hagnýta hjálp til að ná til allra nemenda í námi. Mest hugsað fyrir kennara sem kenna á miðstigi og unglingastigi.

Tími/-ar:
mánudagar
11. og 25.2,
10.3, 7. og 21.4
Kl. 15-17



5. Að vinna og spinna – samþætting námsgreina

NÁMSKEIÐ 501 Markviss myndörvun með börnum LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 502 Útikennsla í almennum námsgreinum miðstigs LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 503 Náttúran sem vettvangur skapandi kennslu LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 504 Leikir sem kveikja í kennslu LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 505 Spuna-, söng- og hreyfileikir LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 506



Tónmenntakennsla og kórstarf

Númer: 506 – 07/08

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Markhópur: Tónmenntakennarar.

Fjöldi: 10+

Umsjón/ Egill R. Friðleifsson o.fl.

Lýsing: Fræðslu- og samráðsfundir um kórstarf og fræðsla um tónmenntakennslu. Nánar skipulagt síðar.

Tími/-ar:

Þriðjudagar
19.9, 21.11.,
22.1. og 11.3.
kl. 16-17.



6. Kominn til að sjá og sigra - nýliðafræðsla

NÁMSKEIÐ 601 Nýr í starfi – Skólakerfið í Hafnarfirði LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 602 Nýliðinn - Að stýra kennslu og nemendum LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 603 Nýliðinn – Samtalstækni og sjálfsvernd LOKIÐ

NÁMSKEIÐ 604 Handleiðari nýliðans – leiðsögn til nýrra kennara FÉLL NIÐUR

NÁMSKEIÐ 605



Kennarinn sem leiðtogi

Númer: 605 – 07/08

Staður: Skólaskrifstofan.

Markhópur: Grunnskólakennarar á fyrsta eða öðru ári í kennslu.

Fjöldi: 20+

Umsjón/ Edda Kjartansdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir.

Lýsing: Námskeiðinu er ætlað að efla vitund kennarans um eigin leiðtogafærni. Á námskeiðinu:

- verða kynntar hugmyndir um mikilvægi tilfinningagreindar fyrir leiðtoga
- verður fjallað um hvað einkenni leiðtoga og hvernig heimfæra má þau einkenni inn í kennslustofuna og aðlaga að störfum kennara
- fá kennarar ákveðin greiningatæki í hendur sem sýna þeim fram á hvaða athafnir öðrum fremur styrkja og efla leiðtogamynd þeirra.

Kynnt verða:

- * helstu einkenni leiðtoga
- * mikilvægi tilfinningagreindar fyrir leiðtoga
- * mikilvægi viðhorfs,orðavals og líkamstjáningar á störf leiðtoga

Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrum og verkefnum sem geta opnað augu þátttakenda fyrir því hvort þeir nýta sér leiðtogahæfileika sína í daglegum störfum sínum.

Tími/-ar:

föstudagur

22.2. og

fimmtudagur

28.2.

kl. 13-17.



7. Að vera og starfa – SMT-skólafærni

NÁMSKEIÐ 701



SMT- skólafærni

Númer: 701 – 07/08	Tími/-ar: Margir fræðslu- fundir dreifðir yfir allt skóla- árið.
Staður: Ákveðnir grunnskólar bæjarins.	
Markhópur: Starfsfólk grunnskóla.	Regluleg hand- leiðsla fyrir SMT-teymi skólanna.
Fjöldi: 300-400 almennt og vinnuteymi sérstaklega.	
Umsjón/ kennari/-ar: Margrét Sigmarsdóttir, verkefnisstjóri PMT, Edda Vikar, sálfræðingur o.fl.	
Lýsing: Vinna með starfsfólki skóla við að þjálfast í aðferðum SMT- skólafærni og innleiða aðferðir þess í almennt skólastarf grunnskóla. Sérstök áhersla á Öldutúnskóla sem hefur undirbúningsstarf í vetur.	

Nánari tímasetningar og skipulag fræðslu- og vinnufunda er sameiginleg ákvörðun umsjónarmanns SMT-skólafærni og skólastjórnenda viðkomandi skóla sem kemur síðar.

NÁMSKEIÐ 702



PMT – grunnmenntun fyrir starfsfólk skóla

Númer: 702 – 07/08	Tími/-ar: 60 klst. nám- skeið auk handleiðslu yfir allan veturinn.
Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.	
Markhópur: Lykilstarfsfólk grunnskóla.	
Fjöldi: 8 (frá grunnskólum til viðmiðunar).	
Umsjón/ kennari/-ar: Margrét Sigmarsdóttir, verkefnisstjóri PMT, Edda Vikar Guðmundsdóttir, sálfræðingur o.fl.	
Lýsing: Markmið fræðslunnar er að efla færni þessara fagstétta í ráðgjöf vegna hegðunar, sérstaklega ef um hegðunarfrávik er að ræða. Starfsmenn, sem hlotið hafa sérþekkingu í aðferðum PMT, annast fræðsluna á vegum PMT-FORELDRAFÆRNI. Sjá nánar vefsetur PMT, www.pmt-foreldrafaerni.is .	

Þátttakendur á námskeið í PMT-grunnmenntun eru valdir af skólastjórum viðkomandi skóla í samráði við Skólaskrifstofuna þar sem framboð er takmarkað. Gert er ráð fyrir að sú starfsfærni og þekking sem starfsmaður öðlast nýtist í skólasamfélaginu í Hafnarfirði áfram og að þeir gegni lykilhlutverki í að þróa og vinna með PMT-FORELDRAFÆRNI í skólastarfinu, þ.m.t. í SMT-skólafærni. Þetta geta t.d. verið skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, árgangastjórar, námsráðgjafar, sérkennarar, umsjónarkennarar o.fl. sem hafa virk hlutverk í foreldrasamskiptum og úrlausn nemendamála. Kennsla fer fram í lotum heila og hálfra daga yfir allt skólaárið sem hér segir skólaárið 2007-2008: 27. og 28. september, 24. og 25. október, 28. og 29. nóvember og 15. og 16. janúar 2008.



8. Fræðslufundir Skólaskrifstofu

FRÆDSLUFUNDUR 801 Túlkaþjónusta og nýting hennar LOKIÐ

FRÆDSLUFUNDUR 802 Styrktarþjálfun og hreyfing barna og unglinga LOKIÐ

FRÆDSLUFUNDUR 803



Líðan og hagir barna í Hafnarfirði

Númer: 803 – 07/08

Staður: Menntasetrið við Lækinn.

Markhópur: Skólastjórnendur grunnskóla og starfsfólk á fjölskyldusviði.

Fjöldi:

**Umsjón/
kennari/-ar:** Fulltrúar fra **Rannsókn og greiningu.**

Lýsing: Kynnar niðurstöður úr könnun um líðan og haga barna í 5.-7. bekk í Hafnarfirði sem gerð var síðasta vetur. Markmiðið er að gefa stjórnendum meiri upplýsingar til að vinna úr gögnum og hjálpa til við notkun þeirra í þróun skólastarfs.

Tími/-ar:

föstudagur

18. janúar

kl. 14-15.30

FRÆDSLUFUNDUR 804



Að PÍSA sig (van)sælan

Númer: 804 – 07/08

Staður: Menntasetrið við Lækinn.

Markhópur: Skólastjórnendur grunnskóla (skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildastjórar stiga/sérdeilda/sérkennslu/verkefna).

Fjöldi: 45

**Umsjón/
kennari/-ar:** Námsmatsstofnun.

Lýsing: Kynnar niðurstöður úr PÍSA-könnunum í Hafnarfirði í samanburði við Ísland og OECD. Kynning og umræður.

Tími/-ar:

föstudagur

22. febrúar

kl. 13.30-15.30

FRÆÐSLUFUNDUR 805



Að nýta Mentor í sjálfsmati

Númer: 805 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Skólastjórnendur grunnskóla (skólastjórar, aðstoðarskólustjórar og deildastjórar stiga/sérdeilda/sérkennslu/verkefna).
Fjöldi: 45.
Umsjón/kennari/-ar: Mentor.
Lýsing: Skoðaðir möguleikar og þróun á Mentor til að það nýtist skólunum til sjálfsmats/innra mats. Kynningar og umræður.

Tími/-ar:
mánudagur
14. apríl
kl. 15-16.30

FRÆÐSLUFUNDUR 806



Nýjar leiðir í Norðingaholti

Númer: 806 – 07/08
Staður: Menntasetrið við Lækinn.
Markhópur: Skólastjórnendur grunnskóla (skólastjórar, aðstoðarskólustjórar og deildastjórar stiga/sérdeilda/sérkennslu/verkefna)
Fjöldi: 45
Umsjón/kennari/-ar: Sif Víglundsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla.
Lýsing: Kynning á skólastarfi, stjórnun og kennslufyrirkomulagi ásamt vinnutilhögun kennara í Norðlingaskóla.

Tími/-ar:
mánudagur
3. mars
kl. 15-16.30

Fræðslufundir geta orðið fleiri í vetur og verða þeir kynntir jafnóðum og þeir verða ljósir.

Önnur viðfangsefni:

- **Kynningardagur Námsgagnastofnunar** mánudaginn 20. ágúst í Árbæjarskóla.
- **Evrópsk samgönguvika**, þ.m.t. umferðarvika í Hafnarfirði, verður dagana 16.-22. september. Þema: Götur fyrir fólk (Streets for people). Vefslóð: <http://www.mobilityweek-europe.org/>
- **Evrópski tungumáladagurinn** er 26. september. Hugmyndabæklingur er útgefinn á vef menntamálaráðuneytis, www.menntamalaraduneyti.is.
- **Fagsamráðsfundir kennarahópa** verða mánudaginn 1. október kl. 14.30-16.30.
- **Alþjóðadagur kennara** er 5. október.
- **Málþing RKHÍ** verður haldið fimmtudaginn 18. og föstudaginn 19. október í KHÍ.
- **Syngjandi jól**, kóramót í Hafnarborg, verður haldið laugardaginn 1. desember.
- **Stóra upplestrarkeppnin** hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lýkur með hátíð í Hafnarborg í mars 2008.
- **Smásagnasamkeppni 8.-10. bekkja** hefst sömuleiðis á degi íslenskrar tungu. Skilafrestur smásagna er í lok janúar 2008.
- **Margmiðlunarsamkeppni 8.-10. bekkja** hefst í janúar 2008. Skilafrestur verkefna er 15. apríl 2008.
- **Dagur stærðfræðinnar** er föstudaginn 1. febrúar.
- **Fagsamráðsfundir kennarahópa** verða mánudaginn 11. febrúar kl. 14.30-16.
- **Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla** er föstudagur 22. febrúar 2008.
- **Barnakóramót Hafnarfjarðar** verður í Víðistaðakirkju.
- **Dagur umhverfisins** er 25. apríl.
- **Menningar- og listahátíðin Bjartir dagar** hefst 1. júní 2008 á afmælisdegi Hafnarfjarðar og verður bærinn þá 100 ára. Þátttaka skólanna í hátíðinni verður mótuð síðar en væntanlega verður byggt á reynslu og verkefnum frá árinu 2007 en þá voru tvö verkefni frá grunnskólum. Ræðst af áhuga og vilja kennara til að skipuleggja verkefnavinnu hér með nemendum.
 - *Ljóðin í bænum*. Ljóðagerð eftir nemendur í 6. bekkjum sem voru sýnd í sundlaugum bæjarins meðan á hátíðinni stóð. Skilafrestur ljóða er til föstudags 11. maí 2007 á skrifstofur grunnskólanna.
 - *Söngurinn ómar um bæinn*. Nemendur í öllum 4. bekkjum í Hafnarfirði æfðu sönglög og héldu í göngu niður í miðbæ. Á leiðinni er stoppað í stofnunum og fyrirtækjum og sungið fyrir gesti og gangandi. Hópurinn hittist þá á Thorsplani og söng þar saman auk þess að fá menningaratriði fyrir sig. Ef af þessu verður aftur þá mun það væntanlega gerast fimmtudaginn 29. maí 2008 (fyrir hádegi).

Um námskeiðin fyrir skólaárið 2007-2008

Viðfangsefni námskeiða Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar eru breytileg og mismikil eftir skólaárum. Ástæðan er sú að það er menntamálaráðuneytið sem skal standa straum af endurmenntun kennara og það úthlutar fjármagni til skóla og skólaskrifstofa til námskeiðahalds. Undirbúningur fyrir það námskeiðaskipulag sem birtist í þessari handbók hefur tekið meira en hálf ár að móta og ekki að fullu lokið ennþá. Það er unnið í samstarfi við fulltrúa skólanna og þá sem mest í samráði við skólastjórnendur. Þá hefur verið leitað til margra kennara til að fá fram viðhorf þeirra til námskeiðahaldsins. Þá störfuðu Helgi Arnarson, skólastjóri Hvaleyrarskóla, Ágústa Bárðardóttir, skrifstofu- og rekstrarstjóri Hraunvallaskóla og María Pálmadóttir, aðstoðarskólastjóri Öldutúnsskóla, í vinnuhópi með Vigfúsi Hallgrímssyni, þróunarfulltrúa grunnskóla, við að móta námskeiðahaldið.

Þegar sótt er um styrkveitingar í endurmenntunarsjóð grunnskóla þarf að sækja um styrki til ákveðinna námskeiða eða námskeiðshugmynda. Sumum styrkveitingum er hafnað en aðrar eru samþykktar. Það stýrir aftur hvaða námskeið hægt er að bjóða upp á og tekst þá ekki alltaf að standa fyrir öllu því námskeiðahaldi sem Skólaskrifstofan vill standa fyrir.

Fyrir skólaárið 2007-2008 var sótt í endurmenntunarsjóð með sjö viðfangsefni. Þar var tekið mið af skólastefnu Hafnarfjarðar. Ákveðið var að sækja um til eftirfarandi námskeiðspemu sem öll voru samþykkt:

1. **Námskeið fyrir skólastjórnendur.** Skólaskrifstofan telur sig hafa sérstakar skyldur til að styðja við skólastjórnendur í starfi, miðla þeim þekkingu, styðja þá í starfi og efla samstarf þeirra. Margt bendir til að starf stjórnenda sé að breytast mikið þessi árin, m.a. að stjórnendastöðum í grunnskólum fjölgar, og skoða áhrif nýrrar aðalnámskrár og greinanámskráa á skólastarf.
2. **Námskeið um tölvunotkun.** Tölvu- og upplýsingatækni (UST) verður sífellt meira áberandi í daglegu starfi og mikil tölvuuppbygging á sér stað í grunnskólunum, t.d. voru flestar tölvur grunnskólanna í Hafnarfirði endurnýjaðar haustið 2005. Sú áhersla var valin í námskeiðahaldi nú að leggja mesta áherslu á stafræna myndvinnslu því óskir voru um nauðsyn frekari kennslu þar – auk fleiri atriða.
3. **Námskeið um kennslu yngri nemenda.** Það er talin þörf á að skoða sérstaklega kennslu yngri nemenda og gefa kennurum tækifæri til að fylgjast með þróun kennslu í þeim, nýjungum í kennslu og breytingum með endurskoðun námskráa í einstökum námsgreinum, t.d. er varðar lestrarnám, kennslu nýbúa, byrjendanám í ensku.
4. **Námskeið um samþættingu í verk- og listgreina í almennri bekkjarkennslu.** Í skólastefnu Hafnarfjarðar er lögð mikil áhersla á eflingu verk- og listnáms og endurspeglandi námskeiðsumsókn það. Í vetur er áherslan á að bjóða upp námskeið sem tengja listnám og verklegar greinar sem mest við almenna kennslu til að efla eigin færni til fjölbreyttara skólastarfs.
5. **Námskeið um námskrárgerð og þróunarstarf.** Það eru margvíslegar breytingar framundan á lögum og aðalnámskrám grunnskóla (13 stk.) sem tóku gildi 1. ágúst 2007 sl. Skoðaðir verða möguleikar við þróun á námsgreinum sem talsverðar breytingar eru á, t.d. í tungumálakennslu og í námsgreinum sem eru í mótun, lífsleikni og tölvunotkun.
6. **Námskeið um SMT-skólafærni.** Það er verið að innleiða SMT-skólafærni í grunnskólana í Hafnarfirði og með styrk úr endurmenntunarsjóði tekst að bæta við það starf að efla samskipti við nemendur til að skólastarfið verði þeim meira gefandi og nýtist betur. Allir grunnskólar bæjarins orðnir þátttakendur frá hausti 2007.
7. **Námskeið um nýliðafræðslu.** Markmiðið er að efla nýja kennara sem koma til starfa í Hafnarfirði, kynna þeim skólastarfið vel, þjálfa í vinnubrögðum og efla handleiðslu við þá.

Fjöldi námskeiða í einstökum námskeiðspemum ræðst svo af fjármagni sem var úthlutað og skýrir það mismikinn fjölda námskeiða eftir þemum hér í handbókinni. Er það þó von okkar að námskeiðin komi kennurum að góðum notum og þeir geti nýtt sér þau til að efla sig í starfi í þágu nemenda í Hafnarfirði.

Hafnarfirði 15. janúar 2008, Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.